

Stjórnarfundur SK haldinn Iðavöllum 9B í Keflavík 4.6.2009

Mættir:

Guðmundur, Sigurbjörg, Lilja, Júlíus, Ásta og Hjördís
Falur var með barn sitt hjá lækni og komst ekki.
Þórhildur er að undirbúa búferlaflutninga og komst ekki.

1. mál Tillaga ÍRB starfshóps

Tillaga starfshóps um eflingu samstarfs sunddeilda Keflavíkur og Njarðvíkur, sem kynnt var á fundi þriðjudaginn 26. maí síðastliðinn, var tekinn fyrir. Eftir umræður var eftirfarandi ályktun samþykkt samhljóða:

Stjórn SK samþykkir tillöguna fyrir sitt leiti og leggur til við aðalstjórn Keflavíkur að hún geri slíkt hið sama. Stjórn Sunddeildar Keflavíkur leggur áherslu á að finnist formgallar á tillögunni verði þeir leystir.

Þessi ályktun er háð því skilyrði að SN samþykki tillögu starfshópsins fyrir sitt leiti.

Önnur mál voru ekki rædd.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 21:00
Fundarritari: Guðbjörg Lilja Jónsdóttir

Viðbót að fundi loknum:

*Að fundi loknum ræddust formenn deildanna við í síma. Þar kom fram að stjórn Sunddeildar Njarðvíkur hafnaði tillögunni og forsendur ályktunarinnar hér að ofan eru því brostnar.
Viðbót skráð 4.6.2009 kl. 23:00 af Guðmundi Jóni Bjarnasyni.*